

ÁFENGISVARNARÁÐ

EIRÍKSGÖTU 5

SÍMAR 19405 OG 19944
PÓSTHÓLF 649

Alþingi

Erindi nr. Þ III/229

komudagur 12/1 1989

Reykjavík, 28. des. 1988.

Háttvirt allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi frá 14. þ.m. sent Afengisvarnaráði til umsagnar frumvarp til laga um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969, með síðari breytingum, 176. mál.

Afengisvarnaráð fellst á flestar þær breytingar sem í frumvarpinu felast. Þó eru á því nokkrir annmarkar og þessir helst:

1. Í 6. mgr. þ.gr. er gert ráð fyrir að Samband veitinga- og gistihúsa verði umsagnaraðili um reglugerð um sölu og veitingar áfengis. Afengisvarnaráð telur óeðlilegt að hagsmunasamtök áfengissölumanna komi þar nokkuð við sögu. Vínveitingamenn bera engan kostnað umfram aðra skattþegna af tjóni því sem sala þeirra (og ÁTVR) á áfengi veldur. Þeir sitja með ágóðann en opinberir aðiljar greiða kostnaðinn. - Ef talið er rétt að einhverjir sem um ferðamál fjalla komi þarna nærri er eðlilegra að það sé Ferðamálaráð.
2. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur með bréfi, dags. 16. nóv. sl., tilkynnt að hann hafi „ákveðið að skipa nefnd sem fengi það hlutverk að gera tillögu að nýrri áfengisvarnalöggjöf.“ Í bréfi ráðherra segir enn fremur: „Ætlun ráðuneytisins er að setja sérstaka löggjöf um áfengisvarnir á svipaðan hátt og gert hefur verið um tóbaksvarnir. Hér yrði um að ræða endurskoðun áfengisvarnaákvæða áfengislaga nr. 82/1969, með síðari breytingum og endurskoðun laga nr. 39/1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.“ Þar eð 9.gr. þess frumvarps, sem hér er til umsagnar, fjallar um „Afengisvarnaákvæði áfengislaga“ einvörðungu telur Afengisvarnaráð eðlilegast að fella hana niður.

Þá bendir Áfengisvarnaráð sérstaklega á að b.-liður 9.gr. yrði til mikillar óþurftar ef samþykktur yrði óbreyttur. - Þau rök eru til þess að eins og málum er nú háttað heyrna áfengisvarnir undir Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið en lögin um þær undir Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Ef áfengisvarnir í héraði yrðu fengnar félagsmálaráðum yrði þriðja ráðuneytið aðili að þessum málum og teljum við slíkt heldur mikið af því góða.

Þau ákvæði, sem eru í gildandi lögum, varðandi áfengisvarnir í héraði eru vel viðunandi þar til endurskoðun sú hefur farið fram sem nú stendur fyrir dyrum.

Áfengisvarnaráð kveður yður með vinsemd og virðingu og fer þess jafnframt á leit að fá að ræða þessi mál ýtarlegar við yður á fundi.

Ólafur Hafþór Þomasson

Allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis
b/t Jóns Kristjánssonar alþingismanns
Alþingi.